



1. formannafundur Aftureldingar 3. maí 2011

Fundur settur kl. 17:20

Mætt frá deildum: **Handbolti:** Óskar Vídalín ; **Fótbolti:** Kolbrún Þorsteinsdóttir, Erlendur Örn Fjeldsted (vék af fundi kl 18); **Blak:** Guðrún Kristín Einarisdóttir; **Frjálssar:** Hlynur Guðmundsson, Ólafur Ingi Óskarsson; **Badminton:** Stefán A. Stefánsson; **Fimleikar:** Eva Magnúsdóttir (mætti á fund kl. 18:30); **Taekwondo:** Richard M. Jónsson ; **Karate:** Andrea M. Jónsdóttir;

Mætt frá aðalstjórn UMFA: Sævar Kristinsson, Helga Jóhannesdóttir, Guðjón Helgason, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir, Hekla Klemenzdóttir.
Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Jafnréttisáætlun lögð fram til samþykktar
2. Siðanefnd – breyting á reglugerð
3. Laganefnd
4. Upplýsingavefur
5. Samskipti og vinnubrögð innan Aftureldingar
6. Samningamál við Mosfellsbæ
7. Skrifstofu- og félagsaðstaða Aftureldingar
8. Aðstöðumál fimleikadeildar
9. Aftureldingardagurinn
10. Önnur mál

1. Jafnréttisáætlun lögð fram til staðfestingar

Anna Sigríður Guðnadóttir fór yfir hvernig unnið var að jafnréttisstefnu eftir að jafnréttisnefnd var skipuð á formannafundi 13. október 2010.

Jafnréttisstefna ásamt aðgerðaáætlun 2011 var borin upp og samþykkt samhljóða. Sömu aðilar og tilnefndir voru á fundinum 13. október gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og vinnu að aðgerðaáætlun. Það eru Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson og var það samþykkt.

2. Siðanefnd – breyting á reglugerð

Málið reifað en frekari umfjöllun og ákvörðun frestað.

3. Laganefnd

Helga Jóhannesdóttir kynnti hugmyndir sem aðalstjórn hefur rætt um stofnun laganefndar, en aðalstjórn telur mikla þörf á að endurskoða lög félagsins eftir atburðina sem urðu á aðalfundi félagsins þann 31. mars. Einnig er vitað að ÍSÍ hefur hug á að skoða lagaramma íþróttafélaga m.a. vegna fyrrgreindra atburða. Ekki er ætlunin að vinna gegn eðlilegri endurnýjun í aðalstjórn félagsins. Hugmynd aðalstjórnar er að nefndin vinni í nánú samstarfi við ÍSÍ og skili af sér tillögum fyrir 1. desember 2011 ásamt greinargerð um framlagðar breytingartillögur. Nefndin skal halda fundargerðir sem sendar verði aðalstjórn og starfi framkvæmdastjóri með nefndinni sem ritari. Aðalstjórn gerði tillögu um Jón Pálsson, Oddnýju M. Arnardóttur og Helgu Jóhannesdóttur. Formannafundur samþykkti þá tillögu sem og að aðalstjórn útbeggi erindisbréf fyrir nefndina.

4. Upplýsingavefur Aftureldingar

Anna Sigríður upplýsti að vinnu við nýjan vef væri að ljúka og komið að því að kenna fólki að setja inn efni og myndir og stýra vefsíðum sinna deilda. Í næstu viku verður námskeið þar sem kennt verður á vefinn og formenn beðnir um að tilnefna einn fulltrúa frá hverri deild og senda upplýsingar um fulltrúa sinnar deildar til Önnu Sigríðar (anna.g@fsr.is) ekki síðar en á morgun 4. maí. Viðkomandi þarf að vera vel ritfær og hafi áhuga á að setja sig inn í vefmiðlun. Einhver reynsla af vefmiðlun er alltaf kostur en ekki nauðsyn. Fyrrgreint námskeið verður haldið í tölvustofu Varmárskóla og er því skipt á tvo daga. Umsjónarmenn þurfa að mæta báða dagana í u.þ.b. klst. í senn. Nánari tímasetning verður send til umsjónarmannanna.

5. Samskipti og vinnubrögð innan Aftureldingar

Sævar Kristinsson hóf mál sitt á að aðalstjórn teldi fulla þörf að taka umræðu um samskipti og vinnubrögð innan félagsins, eitthvað hefði gengið úr skorðum á þeim vettvangi. Nefndi hann sem dæmi að hann hefði í höndunum undirskriftalista vegna salarins yfir anddyrinu sem bæjaryfirvöld hafa úthlutað Aftureldingu undir skrifstofu og félagsaðstöðu. Sérstakt væri að fólk talaði ekki saman eða leitaði réttra upplýsinga hjá aðalstjórn áður en skrifað er undir lista sem ekki einungis er sendur til aðalstjórnar, sem út af fyrir sig væri í lagi, heldur líka til bæjarstjórnar! Einnig væri sérstakt að sá aðili sem stýrði þessari undirskriftarsöfnun væri ekki starfandi í neinni deild félagsins. Sævar nefndi að atburðirnir á aðalfundinum 31. mars hefðu sett stórt strik í reikninginn í samskiptum við bæinn og orðið til þess að ímynd félagsins sem ábyrgs og trausts félags hefði laskast og nú þegar verið sé að vinna ofan af afleiðingum þess atburðar þá berist þessi undirskriftalisti til bæjaryfirvalda.

Formaðurinn óskaði eftir umræðum um hvernig við ættum að hafa samskiptin innan félagsins og hvaða hugmyndir fundarmenn hefðu um úrbætur. Ýmsar hugmyndir komu fram sem aðalstjórn mun vinna úr þar sem við á og formenn ásamt sínum stjórnnum þar sem við á. Hugmyndirnar fylgja aftan við fundargerð í fylgiskjali. Fundarmenn voru almennt sammála um að nú séu nýir og breyttir tímar og öflugt, faglegt íþróttafélag sem ætli sér stórt samfélagslegt hlutverk þurfi styrka stjórn og reglur sem allir starfi eftir.

Formannafundurinn ítrekar að samskipti innan félagsins og milli deilda og aðalstjórnar skuli fara fram samkvæmt lögum og reglum félagsins til að auðvelda og skýra boðleiðir og koma í veg fyrir misskilning.

6. Samningamál við Mosfellsbæ

Formaðurinn fór yfir að tortryggni hefði myndast milli bæjaryfirvalda og félagsins eftir atburðina á aðalfundi 31. mars en samskiptin og gagnkvæmt traust sé að komast á aftur. Hvort undirskriftalistinn sem barst inn á þennan formannafund valdi bakslagi eigi eftir að koma í ljós. Allar tölur eru klárar og hafa verið það síðan fyrir aðalfund 31. mars en endanleg ákvörðum hvort Afturelding taki yfir reksturinn að Varmá hefur ekki verið tekin. Aðalstjórn hefur þá skoðun að eina leiðin til að halda utan um starfsemina í húsinu og gera hana skilvirkari sé að félagið taki yfir reksturinn á húsinu. og verkstýringu þar. Starfsmenn verði þó áfram starfsmenn Mosfellsbæjar. Formaður minnir fundarmenn á að Afturelding sé ekkert smápeð í Mosfellsbæ heldur 3. stærsti launagreiðandinn í bænum og því ættu formenn deilda að halda á lofti.

7. Skrifstofu- og félagsaðstaða

Brynjar útskýrði hvernig málið varðandi salinn yfir anddyrinu er vaxið. Engin stjórnun eða skráning virðist vera á notkun salarins og bæjaryfirvöld í þeirri trú að notkun væri engin. Komið hefur í ljós að nokkrar deildir voru að nýta salinn sem og einkaaðilar. Framkvæmdastjóri lýsti miklum vonbrigðum yfir þeirri stöðu sem málið er komið í en hann var búinn að láta teikna aðstöðuna og leggja mikla vinnu í undirbúning þeirra breytinga sem gera átti. Umræddar teikningar hafði hann sýnt bæjarstjóra enda hafði undirbúningur staðið í þó nokkurn tíma í fullu samráði við bæjaryfirvöld. Umræða varð síðan um nauðsyn þess að félagið fengi skrifstofuaðstöðu sem allir viðstaddir virtust sammála um. Hlynur minnti á að þarna hefði áður verið m.a. sameiginleg fundaraðstaða sem Afturelding nýtti. Einnig minnti hann á að skv. teikningum afmælisársins hafi verið gert ráð fyrir félagsaðstöðu og skrifstofum Aftureldingar á þessu svæði. Aðalstjórn heldur áfram að vinna að farsælli lausn málsins í samstarfi við bæjaryfirvöld og með hagsmuni Aftureldingar í forgrunni.

8. Aðstöðumál fimleikadeildar

Framkvæmdastjóri upplýsti að hugmyndir væru uppi um að fá leigt húsnæði úti í bæ fyrir fimleikana sem myndi samtímis leysa brýn vandamál annarra deilda. Unnið er að málinu. Formaður fimleikanna vildi þakka framkvæmdastjóra sérstaklega fyrir aðkomu hans að þessari vinnu.

9. Aftureldingardagurinn

Helga lýsti hugmyndum aðalstjórnar um að halda s.k. Aftureldingardag þann 14. maí. Hugsunin er að efla samheldni og sýna að við viljum gjarnan taka þátt í að gera Varmá meira aðlaðandi. Hugmyndin er að deildir taki til í sínum geymslum, eldri búningum verði safnað saman og þeir sendir til Togo (Spes barnaþorp) og þrifið verði í skólastofu, skúr á gervigrasvelli og eftir atvikum annars staðar sem og að tína rusl. Allir viðstaddir sammála því að gera þetta og senda boð um mætingu á stjórnir og foreldra. Lykilatriði að einn fulltrúa deilda hafi lykjavöld að geymslu deildarinnar ☺ Byrjað verði með sameiginlegum morgunverði og endað á grilli í hádeginu í samstarfi við Heilsudaginn. Brynjar og Helga skipa undirbúningsnefnd og munu skipa fólki til verka. Áætlað að byrja kl 09:00.

10. Önnur mál

Hlynur ræðir að það þurfi að koma í veg fyrir að misskilningur eins og varðandi salinn komi upp aftur.

Almenn umræða varð um kosti þess að reka húsið og hvað í því fælist og í sambandi nefnt að mikilvægt væri að koma í veg fyrir að ein deild geti staðið fyrir hallarbyltingu með því að smala á aðalfund samanber 31. mars. Það væri það sem laganefnd ætti að lagfæra í sinni vinnu.

Guðrún Kristín spyr í hvað sú greiðsla fari sem skólarnir fái fyrir að leyfa gistingu í skólahúsunum. Segir ekki koma þrif eða gæsla á móti. Blakdeild fer þess á leit að félagið kanni hjá bænum fyrir hvað er verið að borga og hvert þeir peningar fari. Brynjar rifjaði upp að hann og fyrrv. formaður hafi rætt við bæjarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslusviðs um þetta atriði og þar kom fram að þessi mannvirki eru hérna og þess vegna eigum við að geta notað húsnæðið þegar ekki fer fram skólastarf. Allir viðstaddir formenn deilda taka undir að gengið verði í að fá þessi mál á hreint.

Óskar spyr hvort ekki verði haldinn formannafundur þegar samningur verður undirritaðir. Svarið er jú.

Spurt um íþróttastjóra. Sævar upplýsir að verið sé að skoða hvernig við getum fjármagnað stöðuna en ljóst að félagið þurfi að ráða þannig starfskraft sem allra fyrst. Kolbrún biður fólk þess lengstra orða að þegar einhver mál koma upp sem valdi

óánægju eða óvissu þá taki fólk upp símann og tali saman svo við getum komið fram sem ábyrgur aðili og ein heild út á við.

Hekla nefnir að það skipti miklu máli að aðalstjórn geti treyst því að formenn deilda standi við bakið á aðalstjórn og fullvissuðu fundarmenn Heklu um að svo væri.

Kolbrún minnir á að búningasala knattspyrnudeildar fari af stað 7. maí kl. 11 að Varmá.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 19:38

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari aðalstjórnar

Fylgiskjal. Hugmyndir um bætt upplýsingaflæði og samskipti.

Liður 5 á dagskrá fundarins.

- Að formenn sjái um að upplýsa sitt stjórnarfolk
- Að formenn komi sínum skoðunum á framfæri á formannafundum
- Að fjölga formannafundum, t.d. 6 vikna fresti
- Að formenn/deildir sendi inn óskir um málefni á dagskrá formannafundar
- Að formenn kynni umræður á formannafundum fyrir sínum stjórnnum sem og aðalstjórnarfundargerðir
- Að aðalstjórn sendi fundargerðir á alla stjórnarmenn deilda
- Að deildir sendi fundargerðir stjórnarfunda til aðalstjórnar
- Að formenn ítreki við stjórnarmenn sína að koma sínum áhyggjuefnum og tillögum til eigin formanns sem kemur málinu í farveg
- Að póstur sé sendur út á formannapóstlista til útskýringa þegar mál eins og salarmálið komast í hámmæli
- Að póstur verði sendur út vikulega (miðvikud.) um hvað sé á döfinni í húsinu um helgina
- Að setja upp töflu sem listar alla atburði sem eru á dagskrá í húsinu

Einnig kom fram að formenn hafa áhyggjur af starfsfólki Varmár og því óöryggi sem þau upplifa núna. Nauðsynlegt sé að ræða við þau og skipuleggja betur samskiptin og upplýsingaflæði til þeirra. Formaður upplýsti að það væri á döfinni, þ.e. að hann og bæjarstjóri myndu funda með þeim. Formaður knattspyrnudeildar taldi að hluta þess óróleika sem gætt hafi innan félagsins megi rekja til þess að félagsmenn séu ekki vanir því að hafa fókuseraða og öflugra aðalstjórn og markvissa formannafundi.